

Karadžić gegn Króatíu

Dómur frá 15. desember 2005

Mál nr. 35030/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Haagsamningur um brottmál barna. Fullnusta dóms um afhendingu barns. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

1. Málsatvik

Kærandi, Edina Karadžić, er ríkisborgari Bosníu og Hersegóvínu, fædd 1975 og búsett í Kehl í Þýskalandi. Samkvæmt þýskum lögum fer hún ein með forsjá sonar síns, N.D.K., sem fæddist utan hjónabands árið 1995.

Faðir barnsins, Ž.P., fluttist til Króatíu árið 1999 en kærandi og sonur hennar bjuggu áfram í Þýskalandi. Þegar kærandi var í heimsókn í Króatíu í maí árið 2000 kom Ž.P. í veg fyrir að hún gæti tekið son þeirra með sér til Þýskalands. Henni tókst að fara með hann til Þýskalands árið eftir, þann 8. september 2001. Tíu dögum seinna nam Ž.P. hins vegar son sinn á brott frá Þýskalandi og fór með hann aftur til Króatíu.

Í millitíðinni staðfesti dómstóll í Þýskalandi að ákvörðun Ž.P. um að halda barninu í Króatíu hefði verið „ólögmæt“ í skilningi 3. gr. Haagsamnings frá 1980 um einkaréttarleg áhrif af brottmáli barna til flutnings milli landa. Ž.P. áfrýjaði án árangurs. Ríkissaksóknari í Þýskalandi hafði samband við félagsmálayfirvöld í Króatíu að beiðni kæranda. Fimm mánuðum seinna, í október 2001, hóf félagsmálastofnun undirbúning að því að barninu yrði skilað.

Þann 12. maí 2003 mælti dómstóll í Króatíu fyrir um að barninu skyldi skilað til móður sinnar en ekki var hægt að framfylgja dómnum þar sem barnið fannst ekki. Dómurinn óskaði eftir upplýsingum frá lögreglu yfirvöldum um dvalarstað barns og föður í þriggja og lagði dagsektir á Ž.P. þar sem hann þráaðist við að hlýða dómnum.

Í september 2004 neitaði Ž.P. að láta barnið af hendi þegar þrír lögreglumenn, réttarvörður og lögmaður kæranda komu að heimili hans. Honum tókst síðan að flýja af vettvangi með barnið. Hann var síðar settur í varðhald en tókst að flýja eftir að hafa verið fluttur á spítala.

Við fyrirtöku þann 2. febrúar 2005 var lokið málaferlum um að fá ákvörðun dómsins framfylgt eftir að lögmaður kæranda lýsti því yfir að barninu hefði verið skilað til móður sinnar. Kærandi hélt því hins vegar fram að hún hefði ekki vitað neitt um þessa fyrirtöku og að syni hennar hefði ekki verið skilað til hennar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að óskilvirkni króatískra yfirvalda og sérstaklega það hversu langan tíma það tók að fá fullnustu dómsins frá 12. maí 2003 hefði brotið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldu hennar skv. 8. gr. sáttmálans. Jafnframt taldi hún að lengd réttarhaldanna hefði verið fram úr hófi og þannig verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að króatísk yfirvöld hefðu ekki aðhafst nægilega skjótt til að fullnusta dóminn sem mælti fyrir um að barninu yrði skilað til kæranda. Löng tímabil hefðu liðið þar sem ekkert var aðhafst og veitti ríkið engar sannfærandi skýringar á því. Dómstóllinn leit sérstaklega til þess að lögreglu yfirvöld hefðu ekki lagt sig nægilega fram um að finna Ž.P. og hafi honum tekist að sleppa úr haldi þeirra tvisvar sinnum. Þá voru einu viðurlögin sem lögð voru á Ž.P. sektir og skipun um að hann skyldi færður í varðhald og var hvorugu fylgt eftir.

Dómstóllinn lagði áherslu á að langur aðskilnaður og breyttar aðstæður gætu haft í för með sér óafturkræfar afleiðingar fyrir samband foreldris og barns sem eru aðskilin. Legði þetta þá skyldu á

yfirvöld að bregðast skjótt við. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að yfirvöld hefðu ekki gert nóg til að koma barninu aftur til móður sinnar.

Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. og ekki væri nauðsynlegt að skoða kærana sérstaklega í ljósi 1. mgr. 6. gr. Kæranda voru dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 8.000 evrur vegna málskostnaðar á grundvelli 41. gr.